

AUGLÝSING

um löggilding nokkurra sérlyfja.

Eftirfarandi sérlyf löggildast hér með samkvæmt ákvæðum tilskipunar nr. 112 20. ágúst 1938, um gerð og afgreiðslu sérlyfja:

1. **Atrokol.**
Verkandi efni: Methylatropini bromidum 0,2 mg. Carbo medicinalis 50 cg í 1 grammi.
2. **Atrokol fortior.**
Verkandi efni: Methylatropini bromidum 0,4 mg. Carbo medicinalis 50 cg. í 1 grammi.
3. **Aurisan.**
Verkandi efni: Cocaini hydrochloridum 10 g. Phenolum liquidum 1 g. Adrenalini hydrochloridum 2 cg. Glucosum 25 g. í 100 grömmum.
4. **Citropepsin.**
Verkandi efni: Pepsinum 1:3000 10 g. í 100 grömmum.
5. **Eupakol granulat.**
Verkandi efni: Methylatropini bromidum 0,6 mg. Papaverini hydrochloridum 6 mg. Carbo medicinalis 50 cg. í 1 grammi.
6. **Ferribrom.**
Verkandi efni: Ferrum 2 g. Natrii bromidum 5 g. í 100 grömmum.
7. **Ferribrom comp.**
Verkandi efni: Ferrum 2 g. Natrii bromidum 5 g. Liquor valerianae conc. 30 g. í 100 grömmum.
8. **Granulatum calcii gluconatis bromatum.** (Glu-Ca-Brom granulat).
Verkandi efni: Calcii bromidum 17,15 g. Calcii gluconas 22,85 g. í 100 grömmum.
9. **Granulatum calcii gluconatis ferratum.** (Glu-Ca-Fer granulat).
Verkandi efni: Ferrosi tartras 6,5 cg. Calcii gluconas 19,5 cg. í 1 grammi.
10. **Trochisci calcii gluconatis cum ferro.** (Glu-Ca-Fer Trochisci).
Verkandi efni: Ferrosi tartras 12,5 cg. Calcii gluconatis 37,5 cg. í 1 tölu.
11. **Hepaticum.**
Verkandi efni: Strychnini phosphas 5 mg. Natrii monomethylarsinas 12 cg. Hepatopson liquid 6,25 g. Liquor vitamini B. 20% 6,875 g. í 100 grömmum.
12. **Hepaticum cum ferro.**
Verkandi efni: Strychnini phosphas 5 mg. Natrii monomethylarsinas 12 cg. Hepatopson liquid 6,25 g. Liquor vitamini B. 20% 6,875 g. Ferrum 5 cg. í 100 grömmum.
13. **Kresocol.**
Verkandi efni: Calcii cresolsulfonas 3 g. í 100 grömmum.
14. **Oleum calciferoli.**
Verkandi efni: Vitamin D 5000 I. E. í 1 ccm.
15. **Oleum calciferoli fortior.**
Verkandi efni: Vitamin D 15000 I. E. í 1 ccm.
16. **Solarsen comp.**
Verkandi efni: Arseni trioxydum 1 mg. Strychnini nitras 0,5 mg. í 1 ccm.
17. **Tablettae D-Vitakalk.**
Verkandi efni: Vitamin D 100 I. E. Calcii phosphas 35 cg. Calcii gluconas 35 cg. í 1 tölu.

18. **Tablettae Salcotheobromini barbituricae.** (Tablettae Salcotheobromini cum phenemalo).
Verkandi efni: Acidum phenylaethylbarbituricum 2 cg. Theobromino calcii salicylas 50 cg. í 1 tölu. 11. okt. 168
19. **Tablettae Salcotheobromini cum rhodano.**
Verkandi efni: Theobromino calcii salicylas 50 cg. Kalii thyocyanas 10 cg. í tölu.

Nákvæm fyrirsögn um innihald og gerð ofangreindra lyfja er í forskriftasafni Lyfsalafélags Íslands, „Disp. Isl.“ 1938.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 11. október 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

169
14. okt.

um skemmtanaskatt í Suðurfjarðahreppi í Bíldudal í Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, öðrum en héraðsmótum ungmennafélaga, sem haldnar eru í Suðurfjarðahreppi og aðganga er seld að.

2. gr.

Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur. a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
 - b. Sjónleikir.
 - c. Fyrirlestrar og upplestrar.
 - d. Kappléikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
 - e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.
2. flokkur. a. Dansleikir.
 - b. Danssýningar.
 - c. Loddara- og fjölleikasýningar.
 - d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðganga er seld að og ekki eru taldar sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem undir fyrsta flokk heyra, skal greiða 10% af aðgöngueyri og af þeim, sem taldar eru í öðrum flokki 25%.

Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattaður.

4. gr.

Undantekningar frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða fræðslu, til að halda uppi listum eða til styrktar þörfum félagsskap sveitarinnar o. s. frv.

5. gr.

Hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps hefir eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og hefir eftirlit með skemmtunum, ef þurfa þykir.